

## Verum snjöll!

### Hverjum er fræðslan ætluð?

Fræðslan er ætluð nemendum í 3. og 4. bekk grunnskóla.

### Hvernig fer fræðslan fram?

Fyrirlesari kemur á staðinn og fræðir börnin.

### Lýsing:

Í fræðslunni er lögð rík áhersla á netöryggi og hvar og hvernig börn geta fengið hjálp ef þau lenda í óhugnanlegum aðstæðum á netinu. Börnin kynnast einnig miðlum og hvernig þau geta eftt sína gagnrýnu hugsun þegar þau nota miðla. Farið er yfir samskipti, rætt um neteinelti, stafrænt fótspor og myndbirtingar. Að lokum er farið yfir aldurstakmörk, tilfinningar og líðan sem koma upp við notkun miðla.

### Fræðslunni er skipt upp í eftirfarandi kafla:

- **Miðlar:** hvað eru miðlar og hvernig virka þeir? Hvaða upplýsingar gefa þeir okkur? Hér er farið yfir mismunandi miðla og hvað þeir gera. Eru þeir upplýsandi, afþreying eða reyna þeir að hafa áhrif á okkur?
- **Netöryggi:** farið er yfir hverju má og hverju má ekki deila á netinu. Hverju má deila með vinum? Rætt er um tilfinningar sem koma upp við netnotkun og hvar og hvernig börn geta sótt sér hjálp í óhugnanlegum aðstæðum sem koma upp á netinu.
- **Notkun og samskipti:** Farið er yfir samskipti á netinu og birtingarmyndir neteineltis skoðaðar, sem og mikilvægi þess að tilkynna slíkt. Einnig er rætt um stafrænt fótspor og myndbirtingar.
- **Líðan:** Farið er yfir líðan við miðlanotkun og kosti þess að taka sér hvíld frá tækjum. Einnig er farið yfir hvernig aldurstakmörk virka og af hverju þau eru sett.

Fræðslan er lifandi samtal við nemendur og geta þeir spurt spurninga og komið með vangaveltur á meðan á fræðslunni stendur.

**Tímalengd:** 30 – 40 mínútur.

**Markmið:** Markmið fræðslunnar er að efla gagnrýna hugsun barna og jafnvægi í lífinu, hvetja þau til að fara varlega á netinu, vera í jákvæðum samskiptum og kynna þeim leiðir til að sækja sér hjálp ef þau lenda í óhugnanlegum aðstæðum.

Bókaðu fræðsluna á [heimiliogskoli@heimiliogskoli.is](mailto:heimiliogskoli@heimiliogskoli.is)